

Fundargerð 2. fundar stýrihóps um endurskoðun skólastefnu

Fundardagur: 29. janúar 2015.
Fundarupphaf: Kl. 15.
Staðsetning: Bæjarráðssalur, Strandgötu 6.

Mætt: Kjörnir fulltrúar fræðsluráðs, þau Hörður Svavarsson og Kristinn Andersen, auk starfsmanna fræðsluþjónustunnar, þau Magnús Baldursson sviðsstjóri, Jenný D. Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla (kom kl. 15.40) og Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla. Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir boðaði forföll á fundinn.

Fyrir fundinn höfðu verið send út gögn sem óskað hafði verið á síðasta fundi.
Fundargerð síðasta fundar samþykkt en hún hafði verið send til stýrihópsins fyrir fundinn.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. mál: **Umræða um skipulag vinnunnar.**

Kjörnir fulltrúar höfðu kíkt á skólastefnur annarra sveitarfélaga þar sem sumar höfðu til þeirra en aðrar ekki, snýst samt meira um framsetningu en inntak þar.

Rætt um erindisbréf og nauðsyn þess að ákveða hvreðjir ættu að hafa aðkomu að gerð skólastefnunnar, þ.e. alla vega hafa möguleika að koma með tillögur. Samþykkt a. óskilgreina hagmunaaðila sem voru greindir á fundinum og samþykkt að senda þeim póst frá stýrihópnum. Kristinn tók að sér að gera drög að bréfi sem verði kynnt á næsta fundi og tekin afstaða til þess. Bréfið verði sent út eftir að vinnutilhögun verði samþykkt.

2. mál: **Tillaga að vinnutilhögun til fræðsluráðs.**

Rætt um vinnutilhögun sem fyrsta verkefni stýrihópsins sem leggja þurfi fyrir fræðsluráð sem kynna allt vinnuferlið. Samþykkt að fulltrúar Skólaskrifstofu gerðu tillögu að vinnutilhögun fyrir starf stýrihópsins sem yrði lagt fyrir næsta fræðsluráðsfund til samþykktar (9. febrúar). Drög að bréfi til fræðsluráðs með vinnutilhögunarferli verði lagt fram á næsta stýrihópsfund í samræmi við umræðu á fundinum.

3. mál: **Önnur mál.**

Önnur mál sem voru rædd á fundinum:

- a. Samþykkt fyrsta fundargerð stýrihópsins fari til fræðsluráðsfulltrúa með fyrirspurn um hvernig þeir vilji fá þær sendar framvegis, þ.e. jafnóðum eða í lok vinnunnar.

Næsti fundur stýrihópsins verður fimmtudaginn 5. febrúar nk. kl. 15-16.30 á sama stað.

Fundarslit kl. 16.30.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson